

ELDISAÐSTAÐA Í BJARNARFIRÐI.

Þann 14. júní 1975 skoðaði undirritaður aðstöðu til fiskeldis við Hólmavík og nágrenni. Skoðaðir voru nokkrir staðir með jarðhita, sem hugsanlegt væri að nýta til slíkra framkvæmda. Staðirnir sem skoðaðir voru eru sem hér segir:

- a) Hveravík með tilliti til sjóeldis.
- b) Ásmundarnes með tilliti til ferskvatnseldis.
- c) Svanshóll með tilliti til ferskvatnseldis.

Brynjólfur Sæmundsson ráðunautur Búnaðarsambandsins á Hólmavík veitti mikla fyrirgreiðslu við þessa könnun.

a) Hveravík.

Í Hveravík er gömul steipt sundlaug 9 x 20 metrar að stærð. Laugin er alveg fram við sjó og 60 stiga heitt vatn kemur upp í flæðarmálinu. Þó nokkur uppkoma er af heitu vatni í sjónum framan við lagina. Vart er hægt að hugsa sér hentugri aðstöðu til að gera tilraunir með laxeldi í sjó með dælingu í þrær. Laxeldi í sjó í flotkvíum kemur ekki til greina á þessum landshluta nema hluta úr árinu sökum lágs sjávarhita. Dæling með upphitun á sjónum er því eina leiðin. Gera þarf frekari mælingar á sjávarhita fyrir framan sundlaugina í kuldaskiðum á vetrum.

Dæling með rafmagni er mjög kostnaðarsöm og er því ólíklegt að hægt væri að stunda þetta eldi með hagnaði ekki síst, þegar haft er í huga að einn mann þarf til að sjá um fóðrun á fiskinum og staðurinn verður að teljast mjög afskekktur gagnvart aðalmörkuðum landsins. Það verður því að gera sér ljóst að afrakstur gæti orðið lítill, þó reynslan af þessu gæti orðið dýrmæt síðar meir við breyttar aðstæður.

b) Ásmundarnes.

Í Ásmundarnesi hafa verið byggðar elditjarnir fyrir bleikju. Mögulegt er að hafa ca. 5 sekúndulíttra rennsli af 12 stiga heitu vatni í þær á sumrin. Með minnkuðu rennsli mætti ef til vill hafa svipaðan hita á vetrum. Upptök þessa varma er 30° heit lind sem kemur fram fyrir ofan bæinn. Enginn búskapur er að Ásmundarnesi og jörðin í eyði.

Með því vatnsmagni sem hér er um að ræða verður að álíta að heppilegasta nýting þess vatns sé í tjarnir eins og áður var minnst á. Aðeins er grundvöllur fyrir slíku fiskeldi með öðrum búskap á staðnum. Vatnsmagn er við núverandi að-
staður ekki nægilegt fyrir eldisstöð.

c) Svanshóll.

Að Svanshóli koma fram 5 sekúndulítrar af 40 stiga heitu vatni. Vatnið rennur alldreift og ekki er neitt lindarvatn til staðar til blöndunar eða upphitunar. Heimaeldi í smáum stífl væri mögulegt, svo framarlega sem fiskurinn þyldi vatnið eftir að það kólnar.

Ekki voru skoðaðir fleiri staðir, en viðtöl við staðkunnuga benda til þess að ekki sé um neinn heppilegan stað að ræða fyrir Eldisstöð á þessu svæði. Það er því líklegt að Strandamenn verði enn að kaupa laxa og silungsseiði annarsstaðar frá. Hugsanlega attu þeir að hafa samvinnu við Vestfirðinga í þessum efnum og ef Eldisstöð fyrir Vestfirði yrði reist á Nauteyri, yrði hún ekki svo illa í sveit sett fyrir Strandamenn með þöttum samgöngum.

Reykjavík, 22. október 1975

Árni Ísaksson.